

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 501/2011 um meistaranám við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 5. gr. reglnanna:

- a. Á eftir orðunum „Umsókn um meistaranám skal fylgja:“ í 1. mgr. koma orðin: Deildir ákveða hvaða gögn skulu fylgja umsókn um meistaranám.
- b. Töluliðir a–d í 1. mgr. falla brott.
- c. 2. og 3. mgr. falla brott.

2. gr.

Í stað „BS-prófi“ í 1. málsl. 7. gr. reglnanna kemur: BS-gráðu.

3. gr.

Í stað orðsins „meistaraprófi“ í 2. málsl. 11. gr. reglnanna kemur orðið: meistaragráðu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „Meistaraprófsnefndir“ í heiti greinar kemur orðið: Meistaránámsnefndir.
- b. Í stað orðsins „meistaraprófsnefnd“ í 1., 2., 3., 4., 5., 6. og 8. málsl. kemur orðið: meistaránámsnefnd.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „meistarapróf“ í heiti greinarinnar kemur orðið: meistaragráða.
- b. Í stað orðsins „meistaraprófsnefnd“ í 2. málsl. kemur orðið: meistaránámsnefnd.
- c. Í stað orðsins „meistaraprófs“ í 2. málsl. kemur orðið: meistaragráðu.
- d. Í stað orðsins „meistaraprófsvörn“ í 4. málsl. kemur orðið: vörn.

6. gr.

Í stað orðsins „Meistaraprófsritgerð“ í 1. málsl. 14. gr. reglnanna kemur orðið: Meistararitgerð.

7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. reglnanna:

- a. Í stað orðsins „Meistarapróf“ í 1. málsl. kemur orðið: Meistaragráða.
- b. Orðin „1. gr. þessara reglna og“ falla brott.
- c. Á eftir 1. málsl. bætist við nýr málslíður svohljóðandi:
Meistarapróf samkvæmt þessum reglum veitir rétt til lærdómstílsins Master of Teaching (MT) skv. 55. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

8. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við reglur nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands með heimild í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 12. júní 2025.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B deild - Útgáfudagur: 27. júní 2025